

# Hlutverk háskólastofnunar í byggðapróun

## UPPLÝSINGAR FYRIR STEFNUMÓTENDUR

### Bakgrunnur

Þetta upplýsingablað fyrir stefnumótendur inniheldur helstu atriði úr ritrýndri grein sem birtist í tímaritinu „Ocean and Society“ í tölublaði sem fjallar um framlag háskóla til sjálfbærni hafsins og sjávarbyggða. Greinin byggir á 20 ára reynslu Háskóla- og Vestfjarða (HV) en HV er stofnun sem starfar á háskólastigi með sérstaka áherslu á að efla byggð.

### Hlutverk HV með hliðsjón af ýmsum hugtökum

Fræðilegar kenningar greina mismunandi leiðir varðandi það sem háskólar leggja af mörkum til byggðapróunar. Hér fyrir neðan eru ýmsar leiðir til að skilgreina hlutverk HV.

Hugtak	Hlutverk HV
Ný sjálfsprottin þróun (e: Neo-endogenous development) ( <i>Benneworth et al. 2024</i> )	Sjálfsfseignastofnun í „heimabyggð“ með 42 stofnaðila, en alþjóðlegt tengslanet. Frumkvæði kemur úr héraði, af Vestfjörðum, ekki frá ráðuneyti.
Samfélagsdrifið háskólasvæði í dreifbýli (e: Social rural campus/anchor institution) ( <i>Berlina et al. 2025</i> )	Kjölfestustofnun fyrir kynslóð sem vantar (e: „missing age group“)
Aðgengi og sjálfbær lýðfræðileg þróun (e: Access and demographic sustainability) ( <i>Bjarnason &amp; Eðvarðsson 2017</i> )	Þjófnað upp á fjarnám og meistaranám, laða að fleiri utanaðkomandi nemendum
Samfélagsmiðaður háskóli (e: Civic university) ( <i>Tomasi et al. 2020</i> )	Rannsóknir og kennsla um staðbundin málefni, í samstarfi við sveitarfélög og stofnanir á staðnum

# Samfélagsauður

Samhliða hefðbundnum hugmyndum um byggðapróun (t.d. störf) færast með háskólastofnunum aðrar gerðir af samfélagsauði (e: forms of community capital) til dreifbýlissamfélaga (*Orphan & McClure 2019*). Hér að neðan eru dæmi um áhrif HV á samfélög á Vestfjörðum.

<b>Mannauður</b>	➤	Nemendur eru einnig starfsfólk í félagsþjónustu, leiðsögumenn, íþróttakennarar og serfræðingar í viðskiptaþróun.
<b>Menningarauður</b>	➤	Nemendur skipuleggja alþjóðlega hjólakeppni, taka þátt í kóra- og hljómsveitarstarfi, reka og vinna á kaffihúsi og skipuleggja menninga- viðburði eins og hrekkjavókuhátíð, spurningakeppni og opið svið.
<b>Félagsauður</b>	➤	Nemendur læra að þrjóna, læra íslensku og koma með alþjóðleg tengslanet.
<b>Stjórn málaauður</b>	➤	Starfsfólk og nemendur veita stjórnendum tillögur um stjórnun og þróun á grundvelli rannsókna.
<b>Fjármagn</b>	➤	Fyrir hverja krónu af opinberum framlögum til HV verða tvær krónur eftir í vestfirsku samfélagi. Framfærsla námsmanna og vel launuð störf.
<b>Innviðir</b>	➤	HV er stærsti leigutaki í sameiginlegu skrifstofuhúsnæði. Stúdentagarðar byggðir 2023.

## Áskoranir og tillögur

- Árangur byggist á langtímafjármögnun og gagnlegum matsramma sem tekur mið af þróun og hvernig hún er mæld með víðtækum hugtökum eins og vellíðan og menningarlegri lífsþróun.
- Betri vetrarsamgöngur (flugvellir, göng, vetrarþjónusta) og orkuinnviðir mundu minnka truflun starfseminnar, enda stofnunin í mjög miklum alþjóðlegum samskiptum.
- Ávallt þarf að gera greinarmun á áhrifum á Ísafjörð annars vegar og á Vestfirði í heild hins vegar, enda áhrifi HV greinilega mest næst Ísafirði. Bæta mætti tengsl við önnur svæði á Vestfjörðum, en HV er þó meðvitað um þá togstreitu að taka þátt í fleiri og fleiri verkefnum tengdum öllum svæðum á Vestfjörðum og að tryggja jafnframt að verkefnin ofhlaði ekki íbúa þar, enda Vestfirðir nú þegar svæði með fáa íbúa og marga rannsóknarmenn.

